Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur búinu eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar. Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Strandgötu 19b, 600 Akureyri.

Skiptafundur til að fjalla um skrá um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Strandgötu 19b, Akureyri, á ofangreindum tíma.

Komi ekkert fram um eignir í búinu mun skiptum lokið á þeim skiptafundi með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi á skrifstofu skiptastjóra síðustu viku fyrir skiptafundinn.

Akureyri, 26. nóvember
2021.

Sunna Axelsdóttir hdl.
(2021024151A)

Útgáfud.: 1. desember 2021

Innköllum

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 26. október 2021 var eftirtalið bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í búinu. Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er tilgreindur við nafn viðkomandi bús.

Nafn bús: Á fjórðu hæð ehf.,
kt. 570102-3620,
Móatúni,
271 Mosfellsbæ
2021024154)

Frestdagur: 12. júlí 2021

Skiptafundur: þriðjudaginn
8. febrúar 2022,
kl. 11.30

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur búinu eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar. Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Suðurlandsbraut 24, 2. hæð, 104 Reykjavík.

Skiptafundur til að fjalla um skrá um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Suðurlandsbraut 24, 2. hæð, Reykjavík, á ofangreindum tíma.

Komi ekkert fram um eignir í búinu mun skiptum lokið á þeim skiptafundi með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi á skrifstofu skiptastjóra síðustu viku fyrir skiptafundinn.

Reykjavík, 2. nóvember
2021.

Margrét S. Hafsteinsdóttir
lögmaður.

(2021024153A)

Útgáfud.: 1. desember 2021

Innköllum

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 26. október 2021 var eftirtalið bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í búinu. Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er tilgreindur við nafn viðkomandi bús.

Nafn bús: T.D. Verk ehf.,
kt. 520617-1160,
Vesturbergi 163,
Reykjavík
2021024156)

Frestdagur: 27. júlí 2021

Skiptafundur: þriðjudaginn
8. febrúar 2022,
kl. 11.00

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur búinu eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar. Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Suðurlandsbraut 24, 104 Reykjavík.

Skiptafundur til að fjalla um skrá um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Suðurlandsbraut 24, 2. hæð, Reykjavík, á ofangreindum tíma.

Komi ekkert fram um eignir í búinu mun skiptum lokið á þeim skiptafundi með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi á skrifstofu skiptastjóra síðustu viku fyrir skiptafundinn.

Reykjavík, 5. nóvember
2021.

Margrét S. Hafsteinsdóttir
lögmaður.

(2021024155A)

Útgáfud.: 30. nóvember 2021

Innköllum - nauðasamningar

Með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur, uppkveðnum 16. nóvember 2021, var Sterna ESS ehf., kt. 690611-0310, Hátúni 6, Reykjavík, veitt heimild til að leita nauðasamnings. Undirritaður lögmaður, Þórhallur Haukur Þorvaldsson hrl., var skipaður umsjónarmaður með nauðasamningsumleitunum félagsins.

Hér með er skorað á alla þá, sem telja sig eiga samningskröfu á hendur nefndu félagi skv. 1. mgr. 29. gr. laga nr. 21/1991, að lýsa þeim fyrir undirrituðum innan fjögurra vikna frá fyrri birtingu innköllunar þessarar. Kröfulýsingar skulu sendar Draupni lögmannsþjónustu,

Borgartúni 28, 3. hæð, 105 Reykjavík, merktar undirrituðum.

Fundur verður haldinn með þeim lánardrottnum sem eiga atkvæðisrétt um sammingsfrumvarp skuldara á skrifstofu Draupnis lögmansþjónustu, Borgartúni 28, 3. hæð, Reykjavík, mánudaginn 10. janúar 2022, kl. 15.00, til þess að greiða þar atkvæði um frumvarpið.

Reykjavík, 23. nóvember 2021.

Þórhallur Haukur Þorvaldsson hrl.

(2021023786A

Útgáfud.: 22. nóvember 2021

Skiptafundur

Skiptafundur í eftirtöldu þrotabúi verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Austurvegi 3, 2. hæð, Selfossi á neðangreindum tíma. Komi ekki fram ábendingar um eignir í búinu í síðasta lagi á fundinum, má vænta þess að skiptum verði lokið þar á grundvelli 155. gr. laga nr. 21/1991.

Nafn bús:	Skiptafundur:
A001 ehf.,	8. desember 2021,
kt. 650119-1340,	kl. 09.00
Austurvegi 30, Selfossi	

Selfossi, 18. nóvember 2021.

Aníta Rögnvaldsdóttir hdl.

(2021023318

Útgáfud.: 26. nóvember 2021

Skiptafundur

Skiptafundur í eftirtöldu þrotabúi verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Kaupvangi 3A, Egilsstöðum á neðangreindum tíma.

Þær smávægilegu eignir sem fundust í búinu hafa reynst verðlitlar og/eða verðlausar og hrekkur andvirði þeirra ekki til greiðslu skiptakostnaðar. Skiptastjóri hyggst því, komi ekki fram upplýsingar um frekari eignir í búinu, slíta því sem eignalausum búi á þeim skiptafundi sem hér er boðaður, sbr. ákvæði 155. gr. gjaldþrotaskiptalaga nr. 21/1991.

Þrotabúi, nafn:	Skiptafundur:
Northern Lights Excursions ehf.,	17. desember 2021,
kt. 500613-0760,	kl. 10.00
síðasta heimilisfang:	
Þrándarstöðum 3,	
Fljótsdalshéraði	

Egilsstöðum, 24. nóvember 2021.

Bjarni G Björgvinsson hrl.

(2021023596

Útgáfud.: 29. nóvember 2021

Skiptafundur

Skiptafundur í eftirtöldu þrotabúi verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Borgartúni 26, c/o Landslög slf., 105 Reykjavík á neðangreindum tíma. Á fundinum verður fjallað um frumvarp til úthlutunar úr þrotabúinu, sem liggur þegar frammi á væntanlegum fundarstað til sýnis fyrir lánardrottna og aðra sem eiga lögvarinna hagsmuna að gæta. Verði andmælum ekki hreyft gegn frumvarpinu, í síðasta lagi á boðuðum skiptafundi, mega þeir sem eiga hlut að máli vænta þess að skiptum verði lokið þar á grundvelli frumvarpsins, sem verður þar með úthlutunargerð úr þrotabúinu.

Nafn bús:	Skiptafundur:
615 Röst ehf.,	13. desember 2021,
kt. 580392-2969,	kl. 10.00
Gilsárstekk 1, Reykjavík	

Reykjavík, 26. nóvember 2021.

**Áslaug Árnadóttir
lögmaður.**

(2021023690

Útgáfud.: 30. nóvember 2021

Skiptafundur

Skiptafundur í eftirtöldu þrotabúi verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Lágmúli 7 á neðangreindum tíma. Komi ekki fram ábendingar um eignir í búinu í síðasta lagi á fundinum, má vænta þess að skiptum verði lokið þar á grundvelli 155. gr. laga nr. 21/1991.

Nafn bús:	Skiptafundur:
Háafl ehf.,	17. janúar 2022,
kt. 690109-0930,	kl. 10.00
Hátröð 5, Kópavogi	

Reykjavík, 25. nóvember 2021.

Helgi Bergmann.

(2021023796

Útgáfud.: 26. nóvember 2021

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjaness uppkveðnum 10. júní 2021 var neðangreint búi tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 27. september 2021 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús:	Lýstar kröfur:
------------------	-----------------------

Málninga- og múrþjónustu kr. 12.919.657
Jimmy,
kt. 550818-1750,
Jötunsölum 2, Kópavogi

Reykjavík, 20. nóvember 2021.

**Guðmundur Narfi
Magnússon lögmaður.**

(2021023590

Útgáfud.: 29. nóvember 2021

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 30. apríl 2021 var neðangreint dánarbú tekið til opinberra skipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í dánarbúinu.

Skiptum á búinu var lokið 15. nóvember 2021.

Umskipti urðu á meðferð og framkvæmd skiptanna sökum ógjaldfærni búsins, sbr. 3. mgr. 62. gr. laga nr. 20/1991. Meðferð og framkvæmd skiptanna fóru því undir fyrimæli laga nr. 21/1991, eins og um þrotabú væri að ræða. Skiptum lauk með úthlutunargerð úr þrotabúinu samkvæmt 160. gr. laga nr. 21/1991. Samkvæmt úthlutunargerðinni greiddist upp í almennar kröfur, sem voru samtals kr. 4.027.497, að 27.59 hundraðshlutum eða kr. 1.111.356. Ekkert fékkst greitt upp í eftirstæðar kröfur.

Nafn bús:

Sveinn Þ. Guðafsson,
kt. 050545-2539,

Lýstar kröfur:

kr. 4.049.826

Reykjavík, 22. nóvember 2021.

**Birkir Már Árnason
lögmaður.**

(2021023686

Útgáfud.: 30. nóvember 2021

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjaness uppkveðnum 2. september 2021 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 22. nóvember 2021 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús:

Matmál ehf.,
kt. 650105-1170,

Lýstar kröfur:

kr. 10.597.442

Reykjavík, 22. nóvember 2021.

**Ólafur Hvanndal Ólafsson
lögmaður.**

(2021023779

Útgáfud.: 30. nóvember 2021

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Norðurlands eystra uppkveðnum 10. september 2021 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 26. nóvember 2021 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús:

Black Munke ehf.,
kt. 631107-0600,

Lýstar kröfur:

Kr. 11.897.498

Akureyri, 26. nóvember 2021.

**Hallgrímur Jónsson
lögmaður.**

(2021023800

Útgáfud.: 30. nóvember 2021

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjaness uppkveðnum 2. september 2021 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 25. nóvember 2021 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús:

Karlo ehf.,
kt. 680606-2930,
Kirkjulundi 19, Garðabæ

Lýstar kröfur:

Almennar kröfur kr.
10.678.253

Reykjavík, 25. nóvember 2021.

**Elvar Örn Unnsteinsson
hrl.**

(2021023801

Útgáfud.: 30. nóvember 2021

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Norðurlands eystra uppkveðnum 8. febrúar 2021 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Skiptum á búinu var lokið 25. nóvember 2021.

Samkvæmt úthlutunargerð úr þrotabúinu greiddust kr. 26.535.939 upp í samþykktar veðkröfur, alls að fjárhæð kr. 61.832.140 og kr. 7.220.666 upp í samþykktar forgangskröfur, alls að fjárhæð kr. 53.820.166. Samþykktar búskröfur, kr. 1.555.775, greiddust að fullu. Ekkert greiddist upp í almennar kröfur og eftirstæðar.

Nafn bús:

Ásprent Stíll ehf.,
kt. 480903-2770,
Glerárgötu 28, Akureyri

Lýstar kröfur:

Búskröfur, kr. 1.648.452,
veðkröfur, kr. 61.832.140,
forgangskröfur, kr.
100.201.284, almennar
kröfur, kr. 44.282.017 og
eftirstæðar kröfur, kr.
452.032.

Akureyri, 26. nóvember
2021.

**Sigmundur Guðmundsson
lögmaður.**

(2021023802

Útgáfud.: 30. nóvember 2021

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Norðurlands eystra uppkveðnum 10. september 2021 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 26. nóvember 2021 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús:

Flutningamiðstöðin ehf.,
kt. 680308-1010,

Lýstar kröfur:

Kr. 8.099.502

Akureyri, 26. nóvember
2021.

**Hallgrímur Jónsson
lögmaður.**

(2021023803

Útgáfud.: 30. nóvember 2021

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjaness uppkveðnum 2. september 2021 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 25. nóvember 2021 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess

að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús:

HE Verktakar ehf.,
kt. 430417-0450,
Engjaþingi 1-3, Kópavogi

Lýstar kröfur:

Forgangskröfur kr. 188.628
Almennar kröfur kr.
27.184.021

Reykjavík, 25. nóvember
2021.

**Elvar Örn Unnsteinsson
hrl.**

(2021023804

Útgáfud.: 30. nóvember 2021

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Norðurlands eystra uppkveðnum 10. september 2021 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 26. nóvember 2021 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús:

R7 ehf.,
kt. 710310-0680,

Lýstar kröfur:

Kr. 8.611.290

Akureyri, 26. nóvember
2021.

**Hallgrímur Jónsson
lögmaður.**

(2021023805

Útgáfud.: 1. desember 2021

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Norðurlands vestra uppkveðnum 28. júní 2021 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 24. september 2021 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús:

Jarlinn HU 2 ehf.,
kt. 480213-0920,

Lýstar kröfur:

kr. 5.735.561

Sauðárkróki, 24. nóvember 2021.

Sunna Björk Atladóttir
lögmaður.

(2021023820)

Útgáfud.: 23. nóvember 2021

Auglýsing um skipulag - Eyja- og Miklaholtshreppur

Auglýsing um deiliskipulag í Eyja- og Miklaholtshreppi: tengivirki við Vegamót.

Deiliskipulagssvæðið er í eigu Landsnets og Rarik og er um 1,0 ha að stærð. Svæðið er afgirt og er aðkoma að því frá Snæfellsnesvegi. Innan svæðisins eru tengivirki, spennistöð og línumöstur auk stjórnbyggingar og fjaraskiptamasturs Neyðarlínunnar. Framkvæmdin felst í niðurrifi núverandi tengivirkis en í þess stað kemur yfirbyggt tengivirki í nýju stöðvarhúsi.

Tillagan eru í samræmi við aðalskipulag Eyja- og Miklaholtshrepps 2018-2038 og markmið Landsskipulagsstefnu 2015-2026. Framkvæmdin er á framkvæmdaáætlun Landsnets 2020-2022 en samkvæmt henni hefjast framkvæmdir á fyrsta ársfjórðungi 2022. Tillagan er ekki háð umhverfismati skv. lögum nr. 111/2021. Skipulagslýsing var kynnt í samræmi við 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 í byrjun árs 2021. Tillagan var samþykkt af sveitarstjórn 21. október s.l. og er nú auglýst í samræmi við 41. gr. skipulagslaga og send til umsagnaraðila.

Tillagan verður auglýst í Skessuhorni og Lögbirtingablaðinu og verður til sýnis á heimasíðu sveitarfélagsins www.eyjaogmikla.is og á skrifstofu sveitarfélagsins að Hofstöðum. Frestur til að gera athugasemdir er til og með 4. janúar 2022 og skulu þær sendar á netfangið skipulag.eyjaogmikla@gmail.com.

Breiðablik, 22. nóvember 2021.

Kristín Þorleifsdóttir skipulagsfulltrúi.

(2021023350)

Útgáfud.: 24. nóvember 2021

Samþykki framkvæmdaleyfis - Hringvegur um Hornafjörð

Auglýsing um endurútgáfu framkvæmdaleyfis og álit Skipulagsstofnunar. Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Sveitarfélagsins Hornafjarðar á fundi sínum þann 11. nóvember s.l. að veita framkvæmdaleyfi til Vegagerðarinnar vegna Hringvegar um Hornafjörð samkvæmt leið 3b. Um er að ræða 18 km langan veg, gatnamót, ásamt 4 brúm og 7 efnistökusvæðum. Í endurúttefni leyfi er veitt heimild fyrir aukinni efnistöku í námu nr. E48 Hólmsá, nr. E44 Djúpa, nr. E34 Hornafjarðarfljót og nr. E35 Skógey. Leyfið er gefið út á grundvelli mats á umhverfisáhrifum vegarins, álits Skipulagsstofnunar, Aðalskipulags Hornafjarðar 2012-2030, umsóknar Vegagerðarinnar og umsagna Umhverfisstofnunar og umhverfisnefndar sveitarfélagsins.

Nánari upplýsingar um útgáfu framkvæmdaleyfisins, forsendur, álit Skipulagsstofnunar og umsókn Vegagerðarinnar má nálgast á heimasíðu Sveitarfélagsins Hornafjarðar undir vefslóðinni <http://www.hornafjordur.is/stjornsysla/skipulagsmal/framkvaemdaleyfi/>.

Vakin er athygli á því að niðurstaða bæjarstjórnar er kæraneleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála sbr. 4. gr. laga nr. 130/2011, Skuggasundi 3, 101 Reykjavík. Kærufrestur er einn mánuður frá birtingu auglýsingar, sjá nánar á heimasíðu nefndarinnar uua.is.

Höfn í Hornafirði, 22. nóvember 2021.

F. h. bæjarstjórnar,

Brynja Dögg Ingólfssdóttir umhverfis- og skipulagsstjóri.

(2021023397)

Útgáfud.: 29. nóvember 2021

Skipulagsmál Akureyrarbæ

Breyting á deiliskipulagi miðbæjar Akureyrar - Hofsbót 2.

Bæjarstjórn Akureyrarbæjar auglýsir hér með skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir miðbæ Akureyrar.

Skipulagssvæðið afmarkast af lóðinni Hofsbót 2. Tillagan gerir ráð fyrir að byggingarreitur á lóðinni stækki lítillega og að byggingarmagn aukist úr allt að 1.482 m² í allt að 1.636 m². Fjöldi hæða byggingar breytist úr fjórum hæðum í fimm hæðir og skulu efstu tvær hæðirnar vera innndregnar. Þá mun hámarkshæð byggingar aukast úr 13,5 m í 16,3 m.

Tillöguuppráttur ásamt greinargerð er aðgengilegur á 1.hæð í Ráðhúsi Akureyrarbæjar frá 29. nóvember 2021 til 11.janúar 2022, svo að þeir sem þess óska geti kynnt sér tillöguna og gert við hana athugasemdir. Tillagan er einnig birt á heimasíðu bæjarins: www.akureyri.is – neðst á forsíðu undir: *Auglýstar skipulagstillögur*.

Frestur til að gera athugasemdir við tillöguna rennur út þriðjudaginn 11. janúar 2022. Athugasemdum er hægt að skila með tölvupósti á netfangið skipulagssvid@akureyri.is þar sem nafn, kennitala og heimilisfang sendanda kemur fram eða skriflega til skipulagssviðs í Ráðhúsi Akureyrar, Geislagötu 9, 600 Akureyri.

Hver sá sem eigi gerir athugasemdir við tillöguna telst henni samþykkur.

22. nóvember 2021.

Sviðsstjóri skipulagssviðs.

(2021023676)

Útgáfud.: 30. nóvember 2021

Auglýsing um skipulag – Hafnarfjarðarbær

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum þann 24. nóvember 2021 að auglýsa eftirfarandi skipulagstillögu í samræmi við 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Hamranes reitur 4A, nýtt deiliskipulag.

Tillagan gerir ráð fyrir tveimur sex hæða íbúðablokkum með 97 íbúðum. Á jarðhæð er gert ráð fyrir þjónustu og afþreyingu. Á lóð er heimilt að byggja 250 m² sameiginlegt garðhúsi. Gert er ráð fyrir að bílastæðin séu staðsett á lóð.

Óseyrarbraut 27B, breyting á deiliskipulagi.

Breytingin felst í nýjum byggingarreit á austurhluta lóðar og aðkomu að lóð frá Óseyrarbraut á mótis við miðjan nýjan byggingarreit. Nýtingarhlutfall lóðar verður N=0.30.

Tillögurnar verða til sýnis á umhverfis- og skipulagssviði að Norðurhelli 2 og í þjónustuveri Hafnarfjarðarbæjar Strandgötu 6, frá 30. nóvember til 11. janúar.

Auk þess er hægt að skoða tillögurnar á vef Hafnarfjarðarbæjar, www.hafnarfjordur.is, undir *íbúar/skipulag* í kynningu. Nánari upplýsingar eru veittar á umhverfis- og skipulagssviði.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við breytinguna. Skál þeim skilað skriflega á netfangið skipulag@hafnarfjordur.is eigi síðar en 11. janúar 2022 eða stílaðar á: Hafnarfjarðarkaupstaður, bt. umhverfis- og skipulagssvið, Strandgötu 6, 220 Hafnarfirði.

Umhverfis- og skipulagssvið Hafnarfjarðar.

(2021023782)

Útgáfud.: 30. nóvember 2021

Auglýsing um skipulag - Kópavogur*Kársnes - Kópavogsbraut 59 - 83 og Þinghólsbraut 22 - 46.**Kópavogsbraut 69. Breytt deiliskipulag.*

Bæjarstjórn Kópavogs samþykkti þann 13. apríl 2021 að auglýsa í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, tillögu að breyttu deiliskipulagi fyrir Kópavogsbraut 69.

Í breytingunni felst að rífa núverandi hús og byggja í staðinn parhús á einni hæð + kjallara á þremur pöllum. Húsið verður í heild sinni 356 m², hver íbúð um 180 m². Mesta hæð byggingarreits frá aðkomuhæð verður 4,95 metrar. Gert er ráð fyrir engri bílageymslu og fjórum bílastæðum, tvö fyrir hvora íbúð. Eftir breytingu verður nýtingarhlutfall 0,49 á lóð. Kynningaruppdættir í mkv. 1:500 og 1:1000 dags. 25. nóvember 2021. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

*Kársnes - Kópavogsbraut 59 - 83 og Þinghólsbraut 22 - 46.**Kópavogsbraut 71. Breytt deiliskipulag.*

Bæjarstjórn Kópavogs samþykkti þann 13. apríl 2021 að auglýsa í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, tillögu að breyttu deiliskipulagi fyrir Kópavogsbraut 69.

Í breytingunni felst að rífa núverandi hús og byggja í staðinn parhús á einni hæð + kjallara á þremur pöllum. Húsið verður í heild sinni 356 m², hver íbúð um 180 m². Mesta hæð byggingarreits frá aðkomuhæð verður 4,95 metrar. Gert er ráð fyrir engri bílageymslu og fjórum bílastæðum, tvö fyrir hvora íbúð. Eftir breytingu verður nýtingarhlutfall 0,49 á lóð. Kynningaruppdættir í mkv. 1:500 og 1:1000

dags. 25. nóvember 2021. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Ofangreind tillögur eru til kynningar á heimasíðu bæjarins, www.kopavogur.is og í afgreiðslu skipulagsdeildar Umhverfissviðs að Digranesvegi 1 frá kl. 8.30 til 16.00 mánudaga til fimmtudaga og á föstudögum frá 8.30 til 13.00. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillögurnar. Athugasemdir eða ábendingar skulu hafa borist skriflega til skipulagsdeildar Umhverfissviðs að Digranesvegi 1, 200 Kópavogi eða á netfangið skipulag@kopavogur.is eigi síðar en kl. 12.00 þann 14. janúar 2022.

Skipulagsfulltrúi Kópavogs.

(2021023788)

Útgáfud.: 1. desember 2021

Auglýsing um skipulag - Reykjanesbær*Tillagan að breytingu á deiliskipulagi Nesvalla Reykjanesbæ.*

Tillagan að breytingu á deiliskipulagi Nesvalla fjallar um að lóðir við Móavelli verði aðlagðar að nýju fyrirkomulagi bygginga, hægt verði að stækka þjónustumiðstöð inn á milli Móavalla 8 og 10 með möguleika á tengigangi milli Móavalla 4 og 8, einnig milli Móavalla 8 og 12 með stækkaðri þjónustumiðstöð. Ekki verði gert ráð fyrir bílakjallara en bílastæði verði öll á yfirborði s.br. uppdrætti THG arkitektar ehf dags. 16. nóvember 2020.

Tillagan er til sýnis á skrifstofu Reykjanesbæjar að Tjarnargötu 12 frá og með 1. desember 2021 til 16. Janúar 2022. Tillagaðan er einnig aðgengileg á heimasíðu Reykjanesbæjar, www.reykjanesbaer.is. Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna. Frestur til að skila inn athugasemdum er til 16. Janúar 2022. Skila skal inn skriflegum athugasemdum á skrifstofu Reykjanesbæjar á Tjarnargötu 12 Reykjanesbæ eða á netfangið skipulag@reykjanesbaer.is.

Reykjanesbæ, 1. desember 2021.

Skipulagsfulltrúi Reykjanesbæjar.

(2021023812)

Útgáfud.: 1. desember 2021

Auglýsing um skipulag - Seltjarnarnes

Í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, eru auglýstar tillögur að breytingum á deiliskipulagi í Seltjarnarnesbæ.

Lambastadahverfi - Hamarsgata 6, tillaga að breytingu á deiliskipulagi.

Á 119. fundi skipulags- og umferðarnefndar þann 11. nóvember 2021 og á 938. fundi bæjarstjórnar Seltjarnarnesbæjar þann 24. nóvember 2021 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi

Lambastaðahverfis vegna Hamarsgötu 6. Í deiliskipulagstillögunni eru afmarkaðir tveir nýjir byggingarreitir fyrir garðhýsi og nýtingarhlutfall lóðarinnar hækkað úr 0,2 í 0,3. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Bakkahverfi - Bakkavör 28, tillaga að breytingu á deiliskipulagi.

Á 119. fundi skipulags- og umferðarnefndar þann 11. nóvember 2021 og á 938. fundi bæjarstjórnar Seltjarnarnesbæjar þann 24. nóvember 2021 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Bakkahverfis vegna Bakkavarar 28. Í deiliskipulagstillögunni eru afmarkaður nýr byggingarreitir fyrir viðbyggingu og garðhýsi, einnig er nýtingarhlutfall lóðarinnar hækkað úr 0,34 (0,42 í samræmi við samþykktu aðaluppdrætti frá 16. júní 2009) í 0,5. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillögurnar eru auglýstar frá og með 1. desember 2021 til og með 12. janúar 2022 og verða til sýnis á bæjarskrifstofum Seltjarnarnesbæjar að Austurströnd 2. Einnig má nálgast tillögurnar á vef Seltjarnarnesbæjar www.seltjarnarnes.is/thjonusta/umhverfi/skipulag/frettir/. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillögurnar. Ábendingum og athugasemdum við tillögurnar má skila skriflega til skipulagsfulltrúa eða á netfangið postur@seltjarnarnes.is eigi síðar en 12. janúar 2022.

Seltjarnarnesi, 29. nóvember 2021.

Brynjar Þór Jónasson

skipulagsfulltrúi Seltjarnarnesbæjar.

(2021023813)

Útgáfud.: 1. desember 2021

Auglýsing um skipulag - Ásahreppur, Bláskógabyggð, Flóahreppur, Grímsnes- og Grafningshreppur, Hrunamannahreppur og Skeiða - og Gnúpverjahreppur

Samkvæmt 30. gr. og 40. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér kynntar skipulags- og matslýsingar vegna aðal- og deiliskipulagsáætlana auk tillagna deiliskipulagsáætlana.

1. Laugarás – Aðalskipulagsbreyting.

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 18. nóvember að kynna skipulagslýsingu sem tekur til breytingar á aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015 – 2027 og nýs deiliskipulags vegna þéttbýlisins að Laugarási.

2. Bergsstaðir L167202 og L167201 – Aðalskipulagsbreyting.

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 18. nóvember 2021 að kynna skipulags- og matslýsingu sem tekur til breytingar á landnotkun innan aðalskipulags Bláskógabyggðar 2015 – 2027 í landi Bergsstaða. Fyrirhugað er að frístundabyggðin F84 taki breytingum og stækki til norðurs á landi Bergsstaða L167202 en minnki til suðurs á landi Bergsstaða L167201. Landbúnaðarsvæði tekur breytingum samhliða.

3. Selhöfðar í Þjórsárdal – Skipulagslýsing aðal- og deiliskipulags.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkti á fundi sínum þann 17. nóvember að kynna skipulagslýsingu sem tekur til breytingar á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017 – 2029 og nýs deiliskipulags vegna ferðamannasvæðis Sandártungu í Þjórsárdal. Skipulagssvæðið afmarkast af tjaldsvæði við Sandártungu til suðvesturs, Sandá til norðvesturs, Selhöfðum til norðausturs og Þjórsárdalsvegi til suðausturs.

4. Stekkjartún, Stóru-Mástungu 2 L166604; Breytt landnotkun – Aðalskipulagsbreyting.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkti á fundi sínum þann 17. nóvember að kynna skipulagslýsingu sem tekur til breytingar á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017 – 2029. Breytingin varðar breytingu á landnotkun aðalskipulags á um 3,8 ha lands austan við núverandi bæjarhús að Stóru Mástungu 2 úr landbúnaðarsvæði í frístundabyggð. Samhliða aðalskipulagsbreytingu áforma landeigendur að unnið verði að gerð deiliskipulagsáætlunar sem tekur til svæðisins sem um ræðir þar sem gert verður ráð fyrir þremur lóðum fyrir frístundahús.

5. Aðalskipulag Flóahrepps 2017-2019; Íbúðasvæði; Arnarstaðakot og Skálmholt; Skilmálabreyting – Aðalskipulagsbreyting.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkti á fundi sínum þann 9. nóvember 2021 að kynna skipulags- og matslýsingu sem tekur til breytingar á landnotkun innan aðalskipulags Flóahrepps 2017 – 2029. Breytingin snýr að skilmálum aðalskipulagsins er varðar íbúðarsvæði í sveitarfélaginu. Fyrirhugað er að breyta skilmálum á þann hátt að heimiluð verði ný íbúðarsvæði í dreifbýli vegna sýnds áhuga landeigenda og eftirspurnar eftir slíkum lóðum. Einnig nær breytingin til tveggja nýrra íbúðarsvæða. Annars vegar í landi Arnarstaðakots L166219 þar sem fyrirhuguð er uppbygging búgarðabyggðar og hins vegar í landi Skálmholts land L186111 þar sem núverandi frístundasvæði og landbúnaðarsvæði innan jarðarinnar verði skilgreind sem íbúðarsvæði.

6. Kringla 2 og 9; Kringlugil 1 og 2 – Deiliskipulag.

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum þann 17. nóvember 2021 að kynna deiliskipulag sem tekur til skipulags tveggja lóða, Kringlugils 1 og 2, úr Kringlu 2 og 9. Í deiliskipulaginu felst skilgreining byggingarreita og byggingarheimilda fyrir íbúðarhús og útihús.

7. Úthlíð; Frístundabyggð – Deiliskipulag.

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 4. nóvember 2021 að kynna skipulagslýsingu sem tekur til frístundabyggðar í Úthlíð. Svæðið er nánast fullbyggt og er í gildi deiliskipulag frá árinu 1993. Vegna fjölda breytinga á því skipulagi, breyttum kröfum til skipulags frá því gildandi deiliskipulag var gert og frekari fyrirhugaðra breytinga er áætlað að skipta skipulagssvæðinu í 5 svæði og gera nýjar skipulagstillögur fyrir hvert svæði fyrir sig. Gildandi deiliskipulag mun falla úr gildi að hluta við gildistöku þegar tillaga fyrir hvern áfanga hefur verið

samþykkt og í heild þegar öllum áföngunum er lokið. Svæðið er um 430 ha að stærð og liggur vestan Laugarvatnsvegur og er innan jarðanna Úthlíðar I og Úthlíðar II.

8. Hrunamannafréttur L223267; Kerlingarfjöll; Landvarðaskáli - Deiliskipulagsbreyting.

Sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkti á fundi sínum þann 4. nóvember 2021 að kynna skipulagslýsingu sem tekur til breytingar á deiliskipulagi að Kerlingarfjöllum. Í breytingunni felst að fyrirhugað er að stofna nýja lóð og reisa landvarðarskála skammt norðan Kerlingarfjallavegar.

9. Ásgarður; Kerlingarfjöll – Deiliskipulag.

Sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkti á fundi sínum þann 4. nóvember 2021 að kynna skipulags- og matslýsingu sem tekur til breytingar á deiliskipulagi að Kerlingarfjöllum. Í gildi er deiliskipulag, Svæði Fannborgar, Ásgarði Kerlingarfjöllum, sem tók gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda þann 24.03.2014. Unnið er nýtt deiliskipulag á grunni gildandi skipulags af svæðinu.

Samkvæmt 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru auglýstar tillögur aðalskipulagsbreytinga eftirfarandi skipulagsáætlanar:

10. Breyting á skilmálum fyrir fristundasvæði – Aðalskipulagsbreyting.

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 18. nóvember 2021 að auglýsa aðalskipulagsbreytingu sem tekur til breytingar á skilmálum aðalskipulags Bláskógabyggðar 2015 – 2027. Tilgangur breytinganna er endurbót á reglum er varðar hámarksbyggingarmagn innan fristundalóða sem falla utan þess að vera á bilinu 5.000 - 10.000 fm að stærð.

Samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér auglýstar tillögur eftirfarandi deiliskipulagsáætlanar:

11. Hraunhólar L166567; Íbúða- og fristundabyggð; Stækkun svæðis og fjölgun lóða – Deiliskipulagsbreyting.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkti á fundi sínum þann 3. nóvember 2021 að auglýsa deiliskipulag sem tekur til deiliskipulagsbreytingar í landi Hraunhóla L166567 í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Breytingin felur í sér að íbúðarhúsaloðum er fjölgað úr 4 í 10. Fyrri gildandi deiliskipulög fyrir svæðið falla úr gildi við gildistöku þess nýja.

12. Vatnsleysa L167184 – Deiliskipulag.

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 18. nóvember 2021 að auglýsa deiliskipulag í landi Vatnsleysu L167184. Í deiliskipulaginu felst skilgreining á byggingarreit þar sem gert er ráð fyrir nýju fjósi allt að 2000 fm.

13. Röðull L198895 – Deiliskipulag.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkti á fundi sínum þann 17. nóvember 2021 að auglýsa deiliskipulag vegna Röðuls í Ásahreppi. Í deiliskipulaginu felst m.a. skilgreining lóðar og byggingarreitar auk byggingarheimilda innan lóðar.

Ofangreindar skipulagstillögur liggja frammi til kynningar á

skrifstofu skipulagsfulltrúa, Dalbraut 12, Laugarvatni á skrifstofutíma embættisins. Að auki er hægt að nálgast tillögur á vefslóðinni <http://www.utu.is>. Þá eru gögnin aðgengileg á heimasíðum sveitarfélaganna: <https://www.asahreppur.is/>, <https://www.blaskogabyggd.is/>, <https://www.floahreppur.is/>, <https://www.fludir.is/>, <https://www.gogg.is/> og <https://www.skeidgnup.is/>.

Mál nr. 1 - 9 innan auglýsingar eru skipulagsmál í kynningu frá 1. desember til og með 24. desember 2021.

Mál nr. 10 – 13 innan auglýsingar eru auglýst frá 1. desember 2021 til og með 14. janúar 2022.

Athugasemdum og ábendingum skal skila skriflega á skrifstofu UTU Dalbraut 12, Laugarvatni eða með tölvupósti á netfangið vigfus@utu.is.

Vígús Þór Hróbjartsson,
Skipulagsfulltrúi UTU.

(2021023814

Útgáfud.: 1. desember 2021

Auglýsing um skipulag - Sveitarfélagið Ölfus

Eftirtalдар skipulagstillögur voru samþykktar til auglýsingar í samræmi við 31. grein og 1. málsgrein 41. greinar skipulagslaga nr. 123/2010 af bæjarstjórn Ölfuss. Tillögurnar eru:

Deiliskipulag fyrir Riftún í Ölfusi.

Deiliskipulagstillagan fjallar um verslun og þjónustu á um 9,3 hektara svæði við Þorlákshafnarveg. Á svæðinu er gert ráð fyrir uppbyggingu tengdri ferðaþjónustu, m.a. veitingarekstur, hestaleigu, ylraekt og baðlón.

Breyting á aðalskipulagsi í landi Riftúns í Ölfusi.

Tillagan skilgreinir breyting á landbúnaðarlandi í verslunar- og þjónustusvæði á um 9,3 hektara svæði við Þorlákshafnarveg og gerir ráð fyrir uppbyggingu tengdri ferðaþjónustu, m.a. veitingarekstur, hestaleigu, ylraekt og baðlón.

Tillögurnar verða til sýnis á bæjarskrifstofu Ölfuss, Hafnarbergi 1, Þorlákshöfn frá 1. desember 2021 með athugasemdafresti til 13. janúar 2021. Hægt er að senda ábendingar eða athugasemdir á netfangið skipulag@olfus.is fyrir 13. janúar 2021.

Gunnlaugur Jónasson, skipulagsfulltrúi.

(2021023815

Útgáfud.: 1. desember 2021

Auglýsing um skipulag - Reykjavíkurborg

Í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, eru hér með auglýstar tillögur að breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík.

Hliðarendi - Reitir G, H og I - Á fundi skipulags- og

Samgönguráðs þann 6. október 2021 og borgarráðs Reykjavíkur þann 18. nóvember 2021 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Hlíðarenda vegna reita G, H og I. Í breytingunni felst að breyta lóðum G og H úr atvinnulóðum í íbúðalóðir, breyta opnu svæði til bráðabirgða í íbúðalóð, I, fjölga íbúðum og breyta bílastæðakröfum til samræmis við bíla- og hjólastæðastefnu Reykjavíkurborgar. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Hólmsheiði/Fjárborg/Almannadalur - Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 3. nóvember 2021 og borgarráðs Reykjavíkur þann 18. nóvember 2021 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Hesthúsabyggðar á Hólmsheiði. Í breytingunni felst annars vegar breytingar á framtíðaráætlunum á svæðinu og hins vegar samræming skipulagsins að núverandi stöðu. Um er að ræða breytingar í þrettán liðum, auk fimm lagfæringa á uppdrætti til samræmis við núverandi stöðu. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Vogabyggð svæði 5 - Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 10. nóvember 2021 og borgarráðs Reykjavíkur þann 18. nóvember 2021 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Vogabyggðar svæði 5. Breytingin felst í því að smábátahöfn Snarfara er stækkuð og dýpkuð. Hluti hafnargarðs, sem liggur í austur-vesturstefnu er fjarlægður og hafnargarður sem liggur í norður-suðurstefnu er lengdur til norðurs. Flotbryggjur lengjast og bátastæðum fjölga úr 152 í 250. Lóð smábátahafnar á landi stækkar sem nemur láréttu svæði hafnargarðs. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Krókháls, GR reitur G1 - Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 10. nóvember 2021 og borgarráðs Reykjavíkur þann 18. nóvember 2021 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir Grafarlæk - Stekkjarmóa - Djúpadal. Um er að ræða nýja lóð þar sem er gert ráð fyrir tveimur skrifstofubyggingum sem grafa sig inn í hæðina að hluta til að falla betur inn í umhverfið og halda hæð og ásýnd bygginga lægri út að golfvallarsvæði GR. Hæðarmunur á lóð er nýttur til að koma fyrir bílakjallara undir byggingunum og skýla útivistarsvæði GR frá bílastæðasvæði. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillögurnar má einnig nálgast á skjá og tölvu í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að Borgartúni 12-14, 1. hæð, virka daga kl. 8.30 – 16.00 frá 1. desember 2021 til og með 12. janúar 2022. Einnig má sjá tillögurnar á vefnum, www.reykjavik.is, skipulag í kynningu. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillögurnar. Ábendingum og athugasemdum við tillögurnar skal skila skriflega til skipulagsfulltrúa eða á netfangið skipulag@reykjavik.is, eigi síðar en 12. janúar 2022. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.

Reykjavík 1. desember 2021,
Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur.

(2021023816

Útgáfud.: 1. desember 2021

Auglýsing um lágmarksverð á mjólk til framleiðenda.

Verðlagsnefnd búvara hefur ákveðið lágmarksverð á mjólk til framleiðenda:

Lágmarksverð kr. pr. ltr.

Greiðsla frá afurðastöð* 104,96

*Greiðsla miðast við 1. flokks mjólk með skilgreindu efnainnihaldi.

Lágmarksverðið gildir frá og með 1. desember 2021.

Reykjavík, 1. desember 2021.

F. h. n.

Friðrik Már Baldursson formaður.

(2021023809

Útgáfud.: 1. desember 2021

Auglýsing um heildsöluverð á mjólk og mjólkurvörum 1. desember 2021

Verðlagsnefnd búvara hefur ákveðið heildsöluverð á mjólk og mjólkurvörum sem hér segir:

Vörutegund	Heildsöluverð kr. án VSK
Mjólk í lausu máli	132
Mjólk í lausu máli - ógerilsneydd	118,67
Mjólk í 1/1 ltr. fernum	152
Mjólk í 1/4 ltr. fernum	44
Mjólk í 10 ltr. kössum	1.508
Rjómi í lausu máli	1.039
Rjómi í 1/1 ltr. fernum	1.054
Rjómi í 1/2 ltr. fernum	530
Rjómi í 1/4 ltr. fernum	270
Undanrenna í 1/1 ltr. fernum	142
Skyr, pakkað eða ópakkað	425
1. flokks mjólkurbússmjör	1.079
Ostur 45%	1.490
Ostur 45% í heilum stykkjum	1.490
Ostur 45% í hálfum stykkjum	1.490
Ostur 30%	1.398

Ostur 30% í heilum stykkjum	1.398
Ostur 30% í hálfum stykkjum	1.398
Nýmjólkurduft	1.285
*Nýmjólkurduft til matvælavinnslu	623
Undanrennuduft	716
*Undanrennuduft til matvælavinnslu	608

* Nýmjólkur- og undanrennuduft til matvælavinnslu iðnfyrirtækja annarra en þeirra sem framleiða mjólkurvörur

Reykjavík, 1. desember 2021

Verðlagsnefnd búvára.

(2021023810)

Útgáfud.: 30. nóvember 2021

Auglýsing um vísitölu neysluverðs til verðtryggingar

Hagstofa Íslands reiknar vísitölu neysluverðs til verðtryggingar sparifjár og lánsfjár skv. 1. mgr. 14. gr. laga nr. 38/2001, með síðari breytingum, og vísitölu gagnvart fjárskuldbindingum tengdum lánskjaravísitölu, sem samið hefur verið um fyrir 1. apríl 1995, skv. V. lið til bráðabirgða í lögum nr. 38/2001, með síðari breytingum.

Eftirfarandi vísitölur gilda fyrir janúar 2022:

Vísitala neysluverðs: 513,0 stig.

Vísitala gagnvart eldri fjárskuldbindingum tengdum lánskjaravísitölu: 10.129 stig.

Reykjavík, 25. nóvember 2021.

Hagstofa Ísland.

(2021023806)

Útgáfud.: 6. desember 2021

Áskorun - Ferðaskrifstofuleyfi fellt úr gildi

Ferðaskrifstofuleyfi félagsins Aurora Experience ehf., kt. 410307-3080, Fossnesi c, Selfossi hefur verið fellt úr gildi þar sem ferðaskrifstofufrekstri hefur verið hætt.

Starfsemi ferðaskrifstofunnar var tryggingaskyld vegna sölu pakkaferðar og samtengdrar ferðatilhögunar samkvæmt VII. kafla laga nr. 95/2018 um pakkaferðir og samtengda ferðatilhögun.

Samkvæmt 25. gr. er tryggingunni ætlað að endurgreiða fé sem viðskiptavinur hefur greitt vegna pakkaferðar eða samtengdrar ferðatilhögunar.

Með vísan til 27. gr. er hér með skorað á þá viðskiptavini fyrirtækisins, sem telja sig eiga kröfu á hendur því, sbr. ofangreint, að leggja fram skriflegar kröfulýsingar í tryggingarféð fyrir 2. febrúar n.k.

Kröfulýsingu skal senda inn rafrænt í gegnum Ísland.is. Undir þjónustuflokknum *Vegabréf, ferðalög og búseta erlendis* er að finna sérstakt form sem þarf að fylla út. Með kröfulýsingu skulu fylgja fullnægjandi gögn til sönnunar um kröfuna, svo sem lýsingu á ferð, kvittanir fyrir greiðslu eða millifærslu. Ef kröfuhafi hefur ekki íslenska kennitölu skal senda formlega kröfu á krofur@ferdamalastofa.is. Nánari upplýsingar á ensku má finna á vef Ferðamálastofu.

Nánari upplýsingar eru veittar í síma 535 5500, á netspjalli stofnunarinnar eða á netfanginu krofur@ferdamalastofa.is.

Ferðamálastofa.

(2021024259)

Útgáfud.: 6. desember 2021

Auglýsing um álagningu vanrækslugjalds á árinu 2022

Álagning vanrækslugjalds á eigendur (umráðamenn) þeirra ökutækja sem skráð eru í ökutækja-skrá hérlandis og ekki hafa verið færð til **aðalskoðunar** frá og með 1. október 2021 hefst 4. janúar 2022.

Álagning gjaldsins byggir á 45. og 46. gr. reglugerðar nr. 414/2021 um skoðun ökutækja með síðari breytingum, sbr. 74. gr. umferðarlaga nr. 77/2019, með síðari breytingum. Miðast álagning gjaldsins, með þeim undantekningum sem greinir hér að neðan, við endastaf skráningarmerkis ökutækis og leggst það á sem hér segir:

- **4. janúar** vegna ökutækja með **0** sem endastaf og færa átti til skoðunar í október 2021.
- **1. apríl** vegna ökutækja með **1** sem endastaf.
- **3. maí** vegna ökutækja með **2** sem endastaf.
- **1. júní** vegna ökutækja með **3** í endastaf.
- **1. júlí** vegna ökutækja með **4** í endastaf.
- **3. ágúst** vegna ökutækja með **5** í endastaf.
- **1. september** vegna ökutækja með **6** í endastaf.

- **1. október** vegna ökutækja með **7** í endastaf.
- **1. nóvember** vegna ökutækja með **8** í endastaf.
- **1. desember** vegna ökutækja með **9** í endastaf.
- **3. ágúst** vegna fornökutækja, húsbifreiða, léttra bifhjóla (L1e, L2e og L6e) í flokki II og bifhjóla, hjólhýsa, fellihýsa og tjaldvagna, sbr. 7. gr. reglugerðar um skoðun ökutækja.
- **3. ágúst** vegna ökutækja með einkamerki sem ekki enda á tölustaf.

Vanrækslugjald leggst á vegna þeirra ökutækja sem ekki hafa verið færð til **endurskoðunar** skv. ákvæðum reglugerðar um skoðun ökutækja þegar liðinn er mánuður frá lokum þess mánaðar er ökutækið skyldi fært til endurskoðunar samkvæmt ákvörðun skoðunarmanns.

Vanrækslugjald leggst á vegna þeirra ökutækja sem ekki hafa verið færð til skoðunar þegar liðinn er mánuður **frá því að skráningarkerki var afhent tímabundið** til þess að færa mætti ökutækið til skoðunar.

Premur mánuðum eftir álagningu vanrækslugjalds hefst innheimta þess hafi ökutækið ekki verið fært til skoðunar eða það skráð úr umferð og gjaldið greitt innan þess tíma.

Ísafirði, 29. nóvember 2021.

Sýslumaðurinn á Vestfjörðum.

(2021024260

Útgáfud.: 1. desember 2021

Fasteigna-, fyrirtækja- og skipasala - innlagt leyfi

Þann 29. nóvember 2021 lagði Einar Símonarson kt. 050772-4389 inn til sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu réttindi sín sem fasteigna- fyrirtækja og skipasali. Og fellur því niður frá þeim tíma löggilding hans til fasteigna- fyrirtækja og skipasali.

Kópavogi 29. nóvember 2021.

Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu.

(2021023817

Útgáfud.: 3. desember 2021

Firmaskrá - Fyrirtækjaskrá

Nafn: INNAN.

Kt.: 291277-2689.

Dagsetning samþykktar:

Heimilisfang: Nýbýlavegi 40, Kópavogi.

Eigendur: Claudia Andrea Molina Aguilera, kt. 291277-2689, Nýbýlavegi 40, Kópavogur.

Tilgangur: Tilgangur félagsins er þjónusta. Frá Innan bjóðum við upp á námskeið og þjálfun byggða í núvitund fyrir fólk á önnun aldri, fyrir þá sem vilja bæta lífsgæði sín, efla starf sitt og almenna vellíðan (líkamlega og andlega), með áherslu á spænskumælandi íbúa.

Skattaðild: Félagið er ósjálfstæður skattaðili.

Firmarritun: Eigandi.

Prókúruumboð: Eigandi.

Reykjavík, 30. nóvember 2021.

(2021024188

Útgáfud.: 9. desember 2021

Firmaskrá - Fyrirtækjaskrá

Nafn: T. Björnsson slf.

Kt.: 461221-1220.

Dagsetning samþykktar: 19. júlí 2021

Heimilisfang: Bæjarhrauni 2, Hafnarfjörður.

Eigendur: Þorleifur Björnsson, kt. 230247-2269, Safamýri 61, Reykjavík, ábyrgðaraðili. Tómas S Þorsteinsson, kt. 250256-7799, Lindarbergi 54A, Hafnarfjörður, samlagsaðili. Stjórnarmaður: Þorleifur Björnsson. Varamaður: Tómas S Þorsteinsson. Endurskoðendur/skoðunarmenn: Ómar Kristjánsson, kt. 160948-3379, Háabergi 7, Hafnarfjörður, löggiltur endurskoðandi.

Tilgangur: Tilgangur félagsins er smábataútgærd og tengd starfsemi.

Skattaðild: Félagið er sjálfstæður skattaðili.

Firmarritun: Stjórnarmaður.

Prókúruumboð: Tómas S Þorsteinsson og Þorleifur Björnsson.

Reykjavík, 6. desember 2021.

(2021024758

Útgáfud.: 1. desember 2021

Fyrirkall og ákæra

Fyrirkall:

Héraðsdómur Vestfjarða gerir kunnugt:

Mál nr. S-125/2021:

Ákærandi: Héraðssaksóknari, Silja Rán Arnarsdóttir saksóknarfulltrúi.

Ákærði: Normunds Savokins, verður tekið fyrir á dómþingi föstudaginn 7. janúar 2022, kl. 9.00 í sal dómstólsins að Hafnarstræti 9, Ísafirði

Ákærði er kvaddur til að koma fyrir dóm, hlýða á ákæru, halda uppi vörnum og sæta dómi. Sæki ákærði ekki þing má hann búast við því að fjarvist hans verði metin til jafns við það að hann viðurkenni að hafa framið brot það hann er ákærður fyrir og dómur verði lagður á málið að honum fjarstöddum.

Héraðsdómi Vestfjarða,

26. nóvember 2021

Margrét Helga Kr. Stefánsdóttir settur dómstjóri.

Ákæra:

Héraðssaksóknari *gjörir kunnugt:* Að höfða ber sakamál fyrir Héraðsdómi Vestfjarða á hendur Normunds Savokins, kennitala 100579-3919, Gilsbakka 2-4, Bíldudal, fyrir brot gegn valdstjórninni, með því að hafa mánudaginn 15. febrúar 2021 að heimili sínu við Gilsbakka 4 á Bíldudal, hótad lögreglumanni nr. 0409 lífláti með orðunum „I am going to kill you“.

Telst þetta varða við 1. mgr. 106. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar.

Skrifstofu héraðssaksóknara, Reykjavík, 23. september 2021.

Kolbrún Benediksdóttir varahéraðssaksóknari.

(2021023819

Útgáfud.: 2. desember 2021

Fyrirkall vegna kröfu um gjaldþrotaskipti

Krafa Skattsins, kt. 540269-6029, Laugavegi 166, Reykjavík, um töku bús Staðals ehf., kt. 500310-1890, Álfkonuhvarfi 2, Kópavogi, til gjaldþrotaskipta, verður tekin fyrir á dómþingi héraðsdóms Reykjaness sem háð verður í dómsal nr. 1, að Fjarðargötu 9, Hafnarfirði, 3. hæð, fimmtudaginn 13. janúar 2022, kl. 9.00.

Hér með er lagt fyrir fyrirvarsmann skuldarans, Ármann Þór Guðmundsson, kt. 120575-4819, með ótilgreint lögheimili á Spáni, að mæta þá fyrir dóm og halda uppi vörnum ef einhverjar eru en ella má búast við að krafan verði tekin til greina með úrskurði um gjaldþrotaskipti.

Héraðsdómi Reykjaness, 24. nóvember 2021.

Erna Margrét Þórðardóttir aðstoðarmaður dómara.

(2021024162

Útgáfud.: 2. desember 2021

Fyrirkall vegna kröfu um gjaldþrotaskipti

Krafa Skattsins, kt. 540269-6029, Laugavegi 166, Reykjavík, um töku bús JE Bremsur ehf., kt. 491215-0970, Hverfisgötu 8, Hafnarfirði, til gjaldþrotaskipta, verður tekin fyrir á dómþingi héraðsdóms Reykjaness sem háð verður í dómsal nr. 1, að Fjarðargötu 9 í Hafnarfirði, 3. hæð, fimmtudaginn 13. janúar 2022, kl. 9.00.

